



Óli Már Aronsson.

S-  
VIR  
OO  
ÁSKÓLANS

Páll Einarsson, Raunvísindastofnun Háskólans

# Suðurlandsskjálftar 2000: Orsakir og atburðarás



## Efnisyfirlit:

* <i>Inngangur</i>	<b>195</b>
* <i>Flekar, flekaskil, rek og sprungur</i>	<b>196</b>
* <i>Skjálftasaga Suðurlands</i>	<b>199</b>
* <i>Langtímaspá</i>	<b>205</b>
* <i>Jarðskjálftarnir í júní 2000 og upptök þeirra</i>	<b>206</b>
* <i>Um stærð jarðskjálfta</i>	<b>207</b>
* <i>Áhrif á land</i>	<b>208</b>
* <i>Forboðar skjálftanna</i>	<b>212</b>
* <i>Hvað um framhald skjálftavirkni?</i>	<b>213</b>
* <i>Samantekt</i>	<b>213</b>

---

### Inngangur

---

Jarðskjálftarnir á Suðurlandi í júní 2000 eru meðal athyglisverðustu atburða í jarðfræði Íslands á tuttugustu öldinni. Þeim fylgdu umtalsverðar jarðskorpuhreyfingar á meira en 1000 fer-kílómetra svæði og skjálftavirkni á meira en 90 km löngu stykki af flekaskilunum sem liggja yfir landið. Skjálftanna gætti um meginhluta lands-

ins. Þegar þetta er skrifað, í febrúar 2001, er engan veginn víst að búið sé að bíta úr nálinni með þessa atburði. Skjálftarnir urðu í kjölfar atburða sem sumir telja merki um aukna virkni í jarðskorpunni á Íslandi (1), aukningu sem eigi sér ef til vill dýpri rætur í möttli jarðar undir landinu. Minna má á að gos hafa orðið með stuttu millibili undir Vatnajökli, aðstreymi kviku hefur orðið vart í rótum megineldstöðvanna

Eyjafjallajökuls, 1994 og 1999, og Hrómundartinds á Hellisheiði, 1994-1998, Hekla hefur gosið á 10 ára fresti undanfarið og jafnvel Katla lét á sér kræla 1999. Við höfum með stuttu millibili verið minnt á að við búum í landi náttúruhamfara og þurfum að læra að liifa með þeim. Þetta á ekki síst við um Rangárvallasýslu sem á við óvenju fjölbreyttar hamfarir að glíma.

Í þessari grein verður leitast við að gefa mynd af jarðskjálftunum út frá jarðfræðilegum sjónarhóli. Talsverðar rannsóknir eru í gangi og fjarri er því að öll kurl séu komin til grafar. Að rannsóknunum vinnur fjölmargt fólk, bæði hérlandis og erlendis. Mynd sú sem hér er gefin er byggð á vitneskjú sem þegar er fyrir hendi og kynnt hefur verið í greinum og á ráðstefnum fram til þessa. Þar ber hæst haustráðstefnu Jarðfræðafélags Íslands í Reykjavík í nóvember 2000 og haustráðstefnu Ameríkska jarðeðlisfræðisambandsins í San Fransiskó í desember 2000.


### Flekar, flekaskil, rek og sprungur

Umbrotasvæði Íslands eru hluti af miklum flekaskilum sem liggja eftir Atlantshafi endilöngu (2). Stinnhvolls-flekar færast í sundur um skilin og til verður ný jarðskorpa í bilinu með tilheyrandi jarðskjálftum og eldgosum. Hér á landi eru það Norður-Ameríku-flekinn og Evrasíuflekinn sem færast í sundur og er rekstefna þeirra um  $150^{\circ}$  norðan við vestur eða sunnan við austur eftir því hvernig horft er á málin.

Rekhraðinn er tæplega 2 cm á ári, þ.e. Austur- og Vesturland fjarlægjast sem þessu nemur á hverju ári. Þessi færsla veldur því að spenna hleðst upp í jarðskorpunni næst flekaskilunum. Þegar spennan fer yfir þau mörk, sem bergið í jarðskorpunni þolir, brestur það. Það myndast sprunga og veggir hennar ganga á víxl með snöggum rykk. Rykkurinn hrindir af stað bylgjuhreyfingu í jarðskorpunni sem berst út frá upptökunum í allar áttir. Það er þessi bylgjuhreyfing sem við skynjum sem jarðskjálfta (3).

Flekaskilin á Íslandi eru nokkuð flókin (sjá 1. mynd). Þau ganga á land við Reykjanes, liggja eftir Reykjanes-skaga endilöngum og klofna síðan á Hellisheiði í tvær greinar. Önnur greinin liggur til norðausturs, um Pingvallavatn og upp til Langjökuls. Hin greinin liggur beint til austurs, um Ölfus, Flóa, Skeið, Holt, Land og Rangárvelli, í stefnu nokkurn veginn á Heklu. Þar rennur þessi grein flekaskilanna saman við eystra gosbeltið. Skilin halda þaðan til norðausturs, undir Vatnajökul og norður í land þar sem þau greinast og ganga út í sjó í Öxarfirði, Skjálfanda og Skagafirði.

Skjálftabeltið á Suðurlandi er því grein af flekaskilunum og stefnir næstum samsíða flekarekinu. Á slíkum beltum verða jarðskjálftar að jafnaði stærstir á flekaskilum Atlantshafsins. Þeir geta náð stærðinni 7 en fátítt er að þeir verði miklu stærri en það. Af því sem að framan segir má ráða að svæðið sunnan beltisins fylgir Evrasíuflek-




1. mynd. Yfirlitskort af flekaskilum, reki og virkum svæðum á Íslandi. Flekaskilin milli Evrasíuflekans og Norður-Ameríkuflekans liggja eftir Reykjaneshrygg fyrir sunnan land og Kolbeinseyjarhrygg fyrir norðan land. Örvarnar sýna stefnu flekareksins út frá flekaskilunum. Hringurinn yfir vesturhluta Vatnajöklus merkir miðju heita reitsins svokallaða sem er uppsprettu mikils hluta eldvirkninnar. Flekaskilin taka á sig krók til að liggja yfir heita reitinn. Við það skapast jarðskjálfatasvæðin tvö, annað á Suðurlandi og hitt við norðurströndina.

anum til austurs, en norðan þess færst jarðskorpan með Norður-Ameríkuflekanum til vesturs. Þetta hefur verið staðfest með nákvæmum landmælingum (4).

Prátt fyrir eindregna stefnu skjálftabeltisins á Suðurlandi í austur-vestur verða einstakir skjálftar vegna hreyfinga um sprungur sem stefna þvert á

beltið, þ.e. norður-suður. Brothreyfingin er með þeim hætti að vesturbakki sprungunnar hnikast til norðurs en austurbakkinn til suðurs. Misgengi af þessu tagi kallast sniðgengi, og hreyfingin í þessu tilfelli er til hægri, þ.e. maður sem stendur á öðrum bakknum og horfir á hinn bakkann sér hann færast til hægri. Misgengjanna sér víða



2. mynd. Kort af Suðurlandi þar sem sjá má helstu eldstöðvakerfi og skýringu á bókahillulíkaninu af jarðskorpuhreyfingum. Flest misgengi snúa í norður og suður og rista jarðskorpuna í ræmur. Norðurendi hverrar ræmu færist til vesturs en suðurendinn til austurs. Afstæð hreyfing milli ræma er þá hægri handar sniðgengisfærsla. Myndin er úr heimild (4).

## Oddastefna 2001: Náttúruvár í Rangárþingi. Suðurlandsskjálftarnir sumarið 2000

Oddastefna árið 2001 verður haldin á Laugalandi í Holtum, laugardaginn 19. maí nk. og hefst kl. 14:00. Yfirskrift hennar að þessu sinni verður „Náttúruvár í Rangárþingi. Suðurlandsskjálftarnir sumarið 2000“. Erindi flytja m.a. jarðfræðingarnir Freysteinn Sigurðsson og Elsa G. Vilmundardóttir, Ragnar Stefánsson jarðeðlisfræðingur og Hafþór Jónsson aðalsviðsstjóri hjá Almannavörnum ríkisins. Öllum er velkomnið að sækja málþingið.

**Oddafélagið**

merki á  
koma fra  
raðir af  
hólum á  
sprungur  
oftast ko  
lautir eða  
sprunga e  
til norðau  
í röðinni  
þannig að  
Sprungur  
læga stef  
henni hafa  
stakra sp  
sprunguh  
kýst upp.  
sprunguh  
sniðgengj  
en 20 slík  
landi og l  
skjálftasva  
er vafamá  
við frekari  
sem sprun  
15 km bre  
Spurnir  
það megi  
arnar séu  
suður en h  
til austurs  
með einfö  
næstu bók  
milli sprun  
lega rang  
beirra til v  
aðliggjand  
sniðgengis

merki á Suðurlandsundirlendi. Þau koma fram á yfirborði sem skástígar raðir af sprungum og gjám, oft með hólum á milli (5, 6). Stundum sjást sprungurnar sem opnar gjár í bergi en oftast koma þær fram sem aflangar lautir eða niðurföll í grónu landi. Hver sprunga er 1-100 m löng og hefur norð til norðaustlæga stefnu. Næsta sprunga í röðinni er síðan hliðruð til vinstri, þannig að endar þeirra standast ekki á. Sprunguröðin hefur þannig oftast norðlæga stefnu, en einstakar sprungur í henni hafa austlægari stefnu. Milli einstakra sprungna myndast oft hólar, sprunguhólar, þar sem yfirborðið hefur kýst upp. Skástígar sprunguraðir með sprunguhólum eru einkennisfyrirbrigði sniðgengja. Kortlögð hafa verið meira en 20 slík skjálftasniðgengi á Suðurlandi og ligga þau hlið við hlið eftir skjálftasvæðinu endilöngu (7, 2). Ekki er vafamál að fleiri eiga eftir að finnast við frekari leit og kortlagningu. Svæðið sem sprungurnar finnast á er a.m.k. 10-15 km breitt.


Spurning vaknar nú um það hvernig það megi vera að misgengishreyfingarnar séu fyrst og fremst í norður og suður en heildarhreyfing flekanna samt til austurs og vesturs. Þetta má skýra með einföldu líkani sem prófa má í næstu bókahillu (2. mynd). Ef spildur milli sprungna (bækurnar) snúast lítillega rangsælis má færa nyrðri enda þeirra til vesturs. Afstæð hreyfing milli aðliggjandi spildna verður þá hægri sniðgengishreyfing (4).

## Skjálftasaga Suðurlands

Talsverðar upplýsingar má fá úr rituðum heimildum um jarðskjálfta á Suðurlandi og er þær að mestu að finna í riti Þorvalds Thoroddsens um landskjálfta á Íslandi (8). Tjónasvæði skjálfta, sem orðið hafa síðan 1700, eru allvel þekkt. Að minnsta kosti 39 jarðskjálftar hafa valdið umtalsverðu tjóni á Suðurlandi frá því að sögur hófust.

Helstu staðreyndir eru þessar (7):

1. Tjónasvæði skjálftanna eru aflöng í N-S stefnu og stefna þannig þvert á skjálftabeltið sjálft. Þetta er í samræmi við það að upptök skjálftanna eru á N-S misgengjum.
2. Skjálftar á austurhluta svæðisins, þ.e. austan Þjórsár eru stærri en á vesturhlutanum. Austantil ná þeir stærðinni 7-7,1 en á vestursvæðinu eru stærstu skjálftar 6 - 6,8 stig.
3. Skjálftavirknin gengur oft yfir í hviðum. Hver hviða byrjar austantil með skjálftum um 7 stig, en síðan færist virknin yfir á vesturhlutann þar sem skjálftar eru ívið minni.
4. Hviður ganga yfir á 80 ára fresti að meðaltali. Stysta bil milli hviða er 45 ár, lengsta 112 ár.
5. Auk hviðanna verða stundum skjálftar sem bundnir eru við vestur- eða austurenda svæðisins.




- 200 -

3. mynd. Kort af Suðurlandsundirlendi. Merktar eru allar nýlegar jarðskjalftasprungur sem þekktar eru (rauð strik) og upp-tök skjálfta seimi helming ársins 2000 (svartir punktar) samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands. Vel kemur fram hvernig sprungurnar raða sér í kerfi með stefnu í norður og suður. Skjálftaupptökini raða sér líka á línhur með sömu stefnu. Sér-staklega koma vel fram upptakamisengi skjálftanna rveggja, í Holtum 17. júni og í Flóla og Grímsnesi 21. júní

4. mynd. Síðan haga norðanverðan Þessar sprungur takamisgerðar yfirborði. Einstakar sprungukerfi yfirleitt stuðlaþrældar sprunguendur svörðurinnar





4. mynd. Sprungur frá 17. júní í hrossahaga norðan Skammbeinsstaða í Holtum. Þessar sprungur sýna helstu einkenni upptakamisgengisins eins og það kemur fram á yfirborði. Sprungurnar eru skástígar, þ.e. einstakar sprungur stefna óðruvísí en sprungukerfið í heild. Sprungurnar eru yfirleitt stuttar og hliðrast til vinstri. Milli sprunguenda aðliggjandi sprungna vöðlast svörðurinn upp í sprunguhóla. Í baksýn



5. mynd. Sprungur við Skammbeinsstaði. Upptakamisgengi skjálftans 17. júní liggur undir þessar byggingar.

mundar Amy Clifton frá Norrvænu eldfjallastöðinni GPS-tæki sem notað er til að kortleggja sprungurnar.



6. mynd. Jarðvegsprungur mynduðust víða þar sem jarðvegur mætir klapparholtum. Hér seig jarðvegur í myrasundi nálægt Eyvík í Grímsnesi í skjálftanum 21. júní. Sprungan fylgir brekkusætinum. Vatn hefur safnast í lægðina við klapparholtið. Á myndinni er Kolbeinn Reynisson í Eyvík.

Helstu þekktu skjálftahviður eru þessar:

#### 1294.

Miklir skjálftar urðu á Suðurlandi og benda heimildir til þess að skjálfarnir hafi verið að minnsta kosti tveir, annar á Rangárvöllum en hinn á Skeiðum. Þess er getið að Rangá hafi fallið úr farvegi sínum og brotið hús manna. Þessi lýsing getur ekki átt við um marga staði. Grunur fellur á misgengi skammt suðvestan Leirubakka á Landi sem upptakamisgengi eystri skjálftans. Einnig mynduðust miklar gjár við Húsatóttir á Skeiðum. Þar rifnaði og sprakk svo djúpt að ekki sá niður. Miklar hverabreytingar urðu í Haukadal.

#### 1339.

Hús féllu í miklum jarðskjálfta, mest í Flóa, á Skeiðum og víða milli Þjórsá og Eystri Rangár. Þetta svæði er svo stórt að líklegt verður að telja að fleiri en einn skjálfti hafi valdið. Umhverfðist holt í Holtamannahreppi og færði úr stað. Víða rifnaði jörð til undirdjúpanna, uppsprettandi heitt vatn og kalt. Þá kom upp hver í Henglafjöllum, 10 faðma á hvern veg, þar sem áður var slétt jörð. Heklugos varð tveimur árum seinna.

#### 1389-91.

Mikil umbrotahrina gekk yfir landið. Hófst hún með eldgosum í Heklu og í nágrenni hennar, Rauðoldum, með dunum og brestum sem heyrðust um

allt land. Þá kom landskjálfti á Suðurlandi með húsahruni og hverabreytingum nærri Heklu. Í kjölfarið kom síðan skjálfti með tjóni í Grímsnesi, Ölfusi og Flóa. Rifnaði víða jörð og komu upp vötn.

#### 1630-33.

Þrír jarðskjálftar urðu veturninn 1630 og átti sá stærsti upptök við Minnivelli á Landi. „...sprakk jörðin sumstaðar í sundur og urðu þar stórar, djúpar gjár, sem engvar voru áður, sérdeilis austur á Landi hjá Minnivöllum.“ Þessar sprungur má enn sjá og rekja allt norður fyrir Þjórsá hjá Þjórsárholti og Skaftholtsrétt (9). Getið er um jarðskjálfta 1632 en óvist hvar hann átti upptök. Árið 1633 urðu svo jarðskjálftar í Ölfusi. Hús hrundu en ekki sakadí fólk né skepnur. Skjálftar voru svo tíðir að messufall varð í mörgum kirkjum allan þann vetur.

#### 1732-34.

Tjón varð á 40 bæjum á Rangárvöllum og í Eystrihrepp í miklum skjálfta haustið 1732. Af þeim hrundu 11 eða 12 í grunn. Skjálftavirkni var mikil í hálfan mánuð á eftir. Aftur urðu skjálftar 1734, og nú í Flóanum. Í Árnæssýslu hrundu 30 bæir alls en 60 til 70 býli spilltust. Sjö eða átta manns dóu undir húsbrotom og margt af nautpeningi.

#### 1784.

Hinn 14. ágúst varð stærsti skjálfti sem vitað er um á Íslandi, metinn 7,1

stig. Hann a Holtum. Þar voru 5 faðm hvar þetta v líkur að því a í Sandskar beinsstaða (9) upptakamisg Þverlæk og S Rangárvalla-menn fórust. skjálftar með ágúst var þeir stig, og félru suður til str Grímsnes og mynduðust vi að teljast líkla takamisgengið í kjölfar Skaf Anna og var þ andi.

#### 1896.

Miklir jarðsveit 26.- 27. einnig miklir s 5.- 6. september skjálftarnir tve morgni 27. ág stórir, tæplega báðir áttu upp má rekja við bjarnarholt. S tjóni um allt Tveir skjálftar 5. september Skeiðum, á mrekja, m.a. vi

stig. Hann átti að líkindum upptök í Holtum. Þar mynduðust sprungur sem voru 5 faðma djúpar. Ekki er alveg víst hvar þetta var en leiddar hafa verið líkur að því að hér sé rætt um sprungur í Sandskarðaheiði, vestan Skambeinsstaða (9). Samkvæmt því liggr upptakamisgengið um Marteinstungu, Þverlæk og Stúfholt. Mikið tjón varð í Rangárvalla- og Árnessýslum og þrír menn fórust. Fyrsta skjálftanum fylgdu skjálftar með upptök vestar. Skjálfti 16. ágúst var þeirra stærstur, líklega um 6,7 stig, og féllu í honum bær í Flóa, allt suður til strandar, um sunnanvert Grímsnes og víðar. Sprungur miklar mynduðust við Laugardæli og verður að teljast líklegt að þar um liggi upptakamisgengið. Skjálftarnir 1784 komu í kjölfar Skaftárelدا og Móðuharðindanna og var því vart á hörmungar bætandi.

### 1896.

Miklir jarðskjálftar hófust í Landsveit 26.- 27. ágúst, en þeim fylgdu einnig miklir skjálftar í Flóa og Ölfusi 5.- 6. september (8). Fyrstu stóru skjálftarnir tveir urðu að kvöldi 26. og morgni 27. ágúst og voru þeir álíka stórir, tæplega 7 stig. Annar þeirra eða báðir áttu upptök á misgengi sem enn má rekja við Lækjarbotna og Flagbjarnarholt. Skjálftarnir ollu miklu tjóni um allt Suðurlandsundirlendi. Tveir skjálftar urðu með stuttu millibili 5. september. Annar átti upptök á Skeiðum, á misgengi sem enn má rekja, m.a. við Kálflhól, Kílhraun,

Borgarkot og Arakot. Hinn átti upptök við Selfoss og féllu í honum allir bær í Votmúlahverfi og Smjördalahverfi. Einnig hrundu 3 býli á Selfossi og þar fórust hjón undir. Tjónasvæðið teygði sig síðan til norðurs upp með Ingólfssjalli. Aðfararnótt 6. september varð enn skjálfti, og nú vestar. Aðaltjónasvæðið var um miðbik Ölfuss. Minna varð tjónið með fjöllunum. Sprungur mynduðust í jörð við Arnarbæli og Kröggólfssstaði og bakkar Varmár umturnuðust. Flóðbylgja myndaðist í Ölfusá og gekk á land fyrir neðan Kaldaðarnes, einnig gekk Varmá upp á bakka sína og hverabreytingar urðu við Reyki.

Fyrir utan hviðurnar sem að ofan eru taldar hafa oft orðið stakir skjálftar og skjálftahrinur með upptök nálægt endum skjálftabeltisins, þ.e. í Ölfusi og á Rangárvöllum. Í fyrri floknum má telja skjálftahrinur í Ölfusi 1706 og 1789 sem ollu umtalsverðu tjóni. Í seinni floknum má telja skjálftann 1912 sem átti upptök á misgengi við Selsund og Galtalæk (10). Í seinni floknum er einnig skjálftinn við Vatnafjöll 1987 (11).

Eftirfarandi tafla gefur upptök og stærðir helstu skjálfta sem við sögu koma síðan árið 1700. Stærðir sögulegra skjálfta eru metnar eftir stærð tjónasvæðis, samkvæmt (12).



7. mynd. Skástígar sprungur við tjörn sunnan Skeiðavegamóta. Sprungurnar voru vel vatnsgengar því vatn streymdi í þær úr tjörninni og hvarf. Inn í tjörnina rann úr nálægu skurðakerfi.



8. mynd. Skástígar sprungur við gaflinn á sumarbústað við Kersholt suðvestan Skeiðavegamóta. Plönturnar úr vermireitnum lágu á sprungubotninum. Ramminn var skekktur til vinstri og sýndi á hvorn veginn hliðrunin var yfir sprunguna. Hér hliðrast sprungurnar til hægri, sem er afbrigðilegt. Þessi grein sprungukerfisins hafði stefnu í ANA-VSV og er 2 km löng. Færslan um hana var til vinstri. Sprunguhóll myndaðist við húsgaflinn og annar lyfti horni vélageymslunnar.



9. mynd. Á norðurbrún Hestfjalls, þar sem upptakamisgengi skjálftans 21. júní skar hana, voru mikil átök. Engu er líkara en hrært hafi verið í urðinni. Allir steinar eru hreyfðir á kafla.

Ár	m
1706	04
1732	09
1734	01
1784	08
1784	08
1896	08
1896	08
1896	09
1896	09
1896	09
1912	05
1929	07
1935	10
1947	05
1955	04
1964	08
1967	07
1968	12
1987	05
1998	06
1998	11
1998	11
2000	06
2000	06

M<sub>L</sub> er stærð s

Skjálftahviði  
taldar, hafa ým  
Í þeim verða s  
skjálftasvæðisín  
stórum skjálfta

Ár	m.d.	Breidd	Lengd	Stærð	Upptakasvæði
1706	04 20	63.98	21.20	6.0	Ölfus
1732	09 07	63.97	20.04	6.7	Land, Leirubakki ?
1734	03 21	63.97	20.83	6.8	Flói, Litlureykir ?
1784	08 14	63.97	20.37	7.1	Holt - Sandskarðaheiði
1784	08 16	63.97	20.95	6.7	Flói - Laugardælir
1896	08 26	63.97	20.26	6.9	Flagbjarnarholt- Lækjarbotnar
1896	08 27	63.97	20.26	6.7	Flagbjarnarholt- Lækjarbotnar
1896	09 05	63.98	20.99	6.0	Selfoss - Alviðra
1896	09 05	63.99	20.57	6.5	Skeið - Arakot - Borgarkot
1896	09 06	63.98	21.20	6.0	Ölfus - Hveragerði
1912	05 06	63.94	19.95	7.0 M <sub>S</sub>	Selsundssprungan
1929	07 23	63.93	21.70	6.3	Heiðin há, Hvalhnúkur
1935	10 09	64.00	21.37	6.0 M <sub>L</sub>	Hellisheiði
1947	05 19	64.00	21.19	4.3 M <sub>L</sub>	Hveragerði
1955	04 01	64.05	21.25	5.5 M <sub>L</sub>	Norðan Hveragerðis
1964	08 20	63.95	20.35	4.9 m <sub>b</sub>	Holt
1967	07 27	63.95	20.75	5.0 m <sub>b</sub>	Flói
1968	12 05	63.93	21.70	6.0 M <sub>S</sub>	Heiðin há, Hvalhnúkur
1987	05 25	63.91	19.78	5.9 M <sub>W</sub>	Vatnafjöll
1998	06 04	63.95	21.28	5.4 M <sub>W</sub>	Hellisheiði
1998	11 13	63.95	21.34	5.1 M <sub>W</sub>	Ölfus, Hjalli
1998	11 14	63.96	21.24	4.5 M <sub>S</sub>	Ölfus, Hjalli
2000	06 17	63.97	20.35	6.5 M <sub>W</sub>	Holt, Skammbeinsstaðir
2000	06 21	63.97	20.70	6.4 M <sub>W</sub>	Flói, Grímsnes, Hestfjall

M<sub>L</sub> er stærð samkvæmt hámarksútslagi á skjálftamæli nálaðt upptökum, M<sub>S</sub> er yfirborðsbylgjustærð,  
m<sub>b</sub> er rúmbylgjustærð, M<sub>W</sub> er vægisstærð.

### Langtímaspá

Skjálftahvíðurnar, sem að ofan eru taldar, hafa ýmis sameiginleg einkenni. Í þeim verða skjálftar á miklum hluta skjálftasvæðisins. Þær hefjast yfirleitt á stórum skjálfta á austurhluta svæðisins

og í kjölfar hans koma skjálftar vestar. Skjálftarnir á vesturhlutanum eru yfirleitt ívið minni en hinir. Hviðurnar standa mislengi, allt frá tveimur dögum (1784) upp í þrjú ár (1630-33). Tími milli þeirra er einnig nokkuð breytilegur. Meðaltími milli hviða er 80 ár ef

reiknað er með tímabilið 1391-1630, sem líklega ætti ekki að gera. Á þessum tíma var skrásetning náttúruviðburða mjög ófullkomin, t.d. eru engar skrifaðar heimildir til um stórgos sem vitað er að varð á þessu tímabili. Meðaltími milli hviða er því styttri en 80 ár. Stysta tímabilið er 45 ár (1294-1339) og það lengsta, sem þekkt er með vissu, er 112 ár (1784-1896). Tíminn, sem liðinn var frá síðustu hviðu (1896), var því orðinn í lengra lagi þegar leið að síðustu aldamótum. Í grein í Náttúrufræðingnum árið 1985 var sett fram langtímaspá um slíka skjálftahviðu á Suðurlandi sem byggði á þessu munstri (13). Voru þar talðar meira en 80% líkur á því að hviða gengi yfir Suðurland á næstu 25 árum. Gert var ráð fyrir að hún hæfist á skjálfta á stærðarbilinu 6,3-7,5 með upptök á austurhluta svæðisins en færðist síðan til vesturs, um Skeið, Grímsnes, Flóa eða Ölfus. Þetta var dæmigerð langtímaspá, byggð á þeirri meginforsendu að jarðskjálftavirkni á Suðurlandi haldi áfram með líkum hætti og verið hefur síðustu aldirnar.

Langtímaspáin var endurbætt nokkuð næstu árin. Reynt var að meta hversu stórir stærstu skjálftar á Suðurlandi hefðu verið (12). Við nánari könnun var sýnt fram á að líklega hefði stærð skjálftans 1784 verið ofmetin. Hefur hann síðan verið talinn 7,1 stig. Efri stærðarmörk í langtímaspánni voru því lækkuð til samræmis. Í ljós kom að smáskjálftar á skjálftabeltinu austanverðu áttu flestir upptök á tiltölulega

afmörkuðu svæði ofarlega í Holtum (7), sem bentil þess að þar væri spenna hæst eða næst brotmörkum jarðskorpunnar. Einnig voru leidd rök að því að lengst væri síðan losnað hafi um spennu einmitt á því svæði (14). Menn voru því almennt sammála um að líklegasti upptakastaður næsta stóra skjálfta væri á þessum slóðum.

### Jarðskjálftarnir í júní 2000 og upptök þeirra

Fyrsti jarðskjálftiinn dundi yfir klukkan 15:40 á þjóðhátíðardaginn 17. júní, að því er virðist alveg fyrirvara-laust. Engir forskjálftar komu fram á mælum. Stærð skjálftans er um 6,5 stig en nákvæm tala fer eftir því hvaða aðferð er beitt við mælinguna. Stærð allt að 6,8 hefur fengist. Upptök þessa skjáfta voru í ofanverðum Holtum, á um 15 km löngu misgengi eða sprungu. Sprungan nær frá yfirborði jarðar og niður á um 15 km dýpi. Rekja má sprunguna á yfirborði frá suðri til norðurs allt frá Pulutjörn og norður í Árnes (15, 16). Hún liggar beint í gegnum fjósið á Skammbeinsstöðum (5. mynd). Það má því til sanns vegar fáa að upptök þjóðhátíðarskjálftans hafi verið í fjósinu á Skammbeinsstöðum, eins og gárungarnir létu sér um munn fara.

Tveimur mínútum eftir fyrsta skjálftann varð annar kippur, 5,7 að stærð ( $m_b$ ). Hann átti upptök á um 2 km langri sprungu sem liggar 3-4 km vestan við aðalsprunguna en samsíða

henni. Ekki er við hafi náð til yfirborða.

Við fyrstu kí flekaskilin til veitilegla kyrrt haurnar og manuðum en nú breytti Skjálftar mældus ið, Holt, Flóa, vestur á Reykj Fimm mínútum varð skjálfti að s upptök í Núpshlíðasarvalla. Hon rask á yfirborði suðvestan Djúpavíkur.

Næstu dagar skjálftavirknið tók í austanverðum Holtum suður af því. Þar var við að stórir skjálftar anverðu skjálftasem hugsam skjálfta og almannum það (17). Staðan yfir 21. júní kl. 15:00 mældist 6,4 að stærð og fyrsti skjálftin voru á um 15 km sem liggar frá vestanvert Hestfjörð undir Pjórsá við endinn undir Eyvindar. Yfirborði má sjá (15, 16) en þó er staðar eru ósprunnið. Það stærsta er í Fjörðum hringvegarins og ymsar óreglugor.

ltum  
væri  
rkum  
d rök  
ð hafi  
(14).  
a um  
stóra

i yfir  
nn 17.  
irvara-  
fram á  
5,5 stig  
hvaða  
Stærð  
k þessa  
ltum, á  
orungu.  
ðar og  
kja má  
il norð-  
í Árnes  
gegnum  
mynd).  
að upp-  
verið í  
eins og  
ara.

fyrsta  
, 5,7 að  
á um 2  
· 3-4 km  
samsíða

henni. Ekki er vitað til að þessi sprunga hafi náð til yfirborðs.

Við fyrstu kippina var eins og öll flekaskilin til vesturs lifnuðu við. Tiltölulega kyrrt hafði verið síðustu vikurnar og mánuðina á undan skjálftunum en nú breyttist það svo um munaði. Skjálftar mældust um allt skjálftasvæðið, Holt, Flóa, Ölfus, Selvog og allt vestur á Reykjanesskaga (17, 18). Fimm mínútum eftir fyrsta skjálftann varð skjálfti að stærð 4,9 ( $m_b$ ) sem átti upptök í Núpshlíðarhálsi norðan Vígðisarvalla. Honum fylgdi umtalsvert rask á yfirborði í fjöllunum vestan og suðvestan Djúpavatns.

Næstu dagana var greinilegt að skjálftavirknin tók að beinast að svæði í austanverðum Flóa, við Hestfjall og suður af því. Þar sem almennt var búist við að stórir skjálftar gætu orðið á vestanverðu skjálftasvæðinu var þetta túlk-að sem hugsanlegur forboði slíks skjálfta og almannavörnum gert viðvart um það (17). Stór skjálfti reið síðan yfir 21. júní klukkan 00 51. Hann mældist 6,4 að stærð ( $M_w$ ), eða svip-aður og fyrsti skjálfti hviðunnar. Upp-tökin voru á um 18 km langri sprungu sem liggur frá suðri til norðurs um vestanvert Hestfjall. Suðurendinn er undir Þjórsá við Egilsstaði, norður-endinn undir Eyvík í Grímsnesi. Víða á yfirborði má sjá merki um sprunguna (15, 16) en þó er greinilegt að sums staðar eru ósprungin höft á yfirborði. Það stærsta er í Flóanum, á bilinu milli hringvegarins og Hvítár. Einnig eru ýmsar óreglur og frávik á yfirborðs-

sprungum. Þær hliðrast talsvert til vesturs og austurs frá sprungunni undir niðri. Áberandi hliðarsprunga, um 2 km löng, er einnig við hringveginn vestan Skeiðavegamóta. Spor hennar á yfirborði hefur stefnu í ANA og hliðrun um hana er vinstri handar.

Eftirskjálftar á svæðinu sýna hvernig upptakamisgengin liggja í skorpunni. Þeir raða sér mjög skýrt á beltí með stefnu í norður og suður (3. mynd). Rannsóknir á bylgjum frá stóru skjálftunum tveimur sýna að þeir urðu vegna hægri handar hliðrunar um upptakamisgengi sín, þ.e. vesturbakkar þeirra færðust til norðurs en austurbakkarnir til suðurs (19). Þessar niðurstöður staðfesta þar með þá mynd sem fengist hefur af Suðurlandsskjálftum við könnun á ummerkjum eftir fyrri skjálfta á svæðinu.

Eftir skjálftann í Flóanum tók heldur að róast á skjálftasvæðunum. Mikill fjöldi smáskjálfta kom þó fram á mælum á hverjum degi en tíðni þeirra dvínaði smátt og smátt. Nú, 9 mánuðum eftir stóru skjálftana, er enn talsverð eftirskjálftavirkni sem að mestu er bundin við upptakamisgengin tvö í Holtum og Flóa-Grímsnesi. Enn er því of snemmt að fullyrða að skjálftahviðan á Suðurlandi sé gengin yfir.

### Um stærð jarðskjálfta

Nokkur óvissa var um stærð skjálftanna fyrst eftir að þeir urðu. Fyrstu upplýsingar gáfu stærð á bilinu 5 til 5,5 sem kom illa heim við umfang áhrifa

og tjóns. Ruglingur af þessu tagi er algengur fyrst eftir stóra skjálfta og á upptök sín í eðli Richterskvarðans. Allt frá því að sað kvarði var fundinn upp hafa fræðimenn deilt um réttmæti þess að lýsa með einni tölu því flókna ferli sem á sér stað í jarðskjálfta. Upphaflegur tilgangur með kvarðanum var að nota hann til að grófflokkja jarðskjálfta með tilliti til jarðfræðilegs mikilvægis þeirra. Til þess var notað hámarksútslag staðlaðs jarðskjálftamælis í næsta nágrenni skjálftaupptakanna, eða í innan við 600 km fjarlægð. Aðferðin reyndist hins vegar betur en til var ætlast og það leiddi fljótt til þess að mönnum hætti til að ofmeta gildi Richterskvarðans. Síðar voru skilgreindir margir kvarðar sem byggja á mismunandi bylgjugerðum og mælingum á þeim. Ekki verður farið nánar út í fræðilegan bakgrunn kvarðanna hér. Þó ber þess að geta að kvarðinn, sem best reynist til að meta hina fjölmörgu smáskjálfta sem verða á hverjum degi hér á landi ( $M_L$ -kvarðinn), dugar ekki vel til að gefa rétta mynd af mikilvægi stórra skjálfta. Til þess duga betur kvarðar sem byggjast á löngum yfirborðsbylgjum ( $M_S$ -kvarðinn) eða á svokölluðu skjálftavægi jarðskjálftans ( $M_W$ -kvarðinn). Til að mæla löngu yfirborðsbylgjurnar þarf mælirinn að vera staðsettur fjarri upptökum skjálftans, þ.e. erlendis. Bylgjur frá Suðurlands-skjálftunum í júní 2000 mældust um allan heim og stærðarmat á þeim lá fyrir um klukkustund eftir að þeir urðu, byggt á mælingum alþjóðlegra mæla-

neta. Tölur, sem síðan hafa verið ákvvarðaðar, liggja á bilinu 6,4 til 6,8 fyrir stóru skjálftana tvo. Aðeins tveir staerri skjálftar hafa orðið á Íslandi á þessari öld, skjálftinn í Rangárvallasýslu 1912 og fyrir mynni Skagafjarðar 1963. Stærð þeirra beggja var um 7 stig. Á heimsvísu teljast þessir skjálftar þó ekki nema meðalstórir. Skjálftinn á Indlandi í janúar 2001 var til dæmis tæp 8 stig og stærstu mældu skjálftar sögunnar, í Chile 1960 og Alaska 1964, voru meira en 9 stig. Slíkra skjálfta er ekki að vænta hér á landi sem betur fer.

## Áhrif á land

Ummerki um skjálftana sjást víða á landi og landslagi (20, 21). Þau eru af mismunandi tagi, sprungur, grjóthrun, skriður og breytingar á vatni. Mest var um þessi ummerki á upptakasvæði skjálftanna en þau urðu minna áberandi eftir því sem fjær dró.

**Sprungur.** Víða komu fram sprungur í bergi eða jarðvegi. Mestar voru þær þar sem upptakamisgengi skjálftanna náðu til yfirborðs. Þar komu fram skástígar raðir eða kerfi af sprungum þar sem sprungurnar sjálfar hafa norðaustlæga stefnu en kerfin snúa næstum beint í norður (15, 16). Þessar sprungur eru í raun hluti af upptökum skjálftanna. Víða mátti sjá sprunguhóla, þ.e. spildur þar sem jarðvegur og grjót hafði vöðlast upp í fellingu eða hrúgur (4. mynd). Hólarnir myndast gjarna á milli sprunguenda þar sem sprungur

hliðrast til, sprungur fr Holtabrauta um Mykjuna Stúfholtshj Akbrautar, einnig að fin þar sem sést í Pinghólum vestari skjálfta suðvestan Skeiðavegan sjá hliðargre kallað vensla til VSV san skar veginn talsverðu tjón pekkt í fjölnarri það va mynd). Aðal vegar til nord Hestfjalli. Það sins um þver enda Hestvatn síðan í landi þar sem rekji land Eyvíku verulegar spr vatns en ekki kanna það.

Það er gre um að upptök misgengjum Sprungukerf kortlagningu Þau voru þó ó svæðinu. Mis mun fersklegri þannig á mis-


hliðrast til. Á eystra svæðinu má rekja sprungur frá Pulutjörn við vegamót Holtabrautar og Hagabrautar, norður um Mykjunes og Skammbeinsstaði, um Stúfholtshjáleigu og norður í land Akbrautar. Greinar sprungukerfisins er einnig að finna í Árnesi. Nyrsti staður, þar sem sést til upptakasprungnanna, er í Þinghólum í Árnesi. Upptakasprungur vestari skjálftans má rekja frá Dælarétt suðvestan Þjórsárbrúar og norður að Skeiðavegamótum (7. mynd). Þar má sjá hliðargrein sprungukerfisins, svokallað venslað sprungukerfi, sem liggur til VSV samsíða þjóðveginum. Það skar veginn á a.m.k. 3 stöðum og olli talsverðu tjóni. Þetta sprungukerfi varð þekkt í fjölmáttum vegna þess hve nærri það var byggð og alfaraleið (8. mynd). Aðalsprungukerfið liggur hins vegar til norðurs og sést næst til þess í Hestfjalli. Það sker vestasta hluta fjallsins um þvert og hverfur undir suður-enda Hestvatns. Grein kerfisins finnst síðan í landi Galtar, vestan vatnsins, þar sem rekja má sprungur norður í land Eyvíkur. Ekki er ósennilegt að verulegar sprungur séu á botni Hestvatns en ekki hefur verið aðstaða til að kanna það.

Það er greinilegt af þessum sprungum að upptök stóru skjálftanna urðu á misgengjum sem voru fyrir hendi. Sprungukerfin voru þekkt frá fyrri kortlagningu á sprungum á Suðurlandi. Þau voru þó ekki nýjustu misgengin á svæðinu. Misgengi í nágrenninu voru mun fersklegri. Skjálftinn 17. júní varð þannig á misgengi sem er innan við 1

km austan við misgengi sem líklega hrökk í stóra skjálftanum 1784. Draga má þá ályktun að skjálftar á Suðurlandi verði á gömlum misgengjum en ekki vegna myndunar nýrra sprungna. Sprungurnar, sem mynduðust í júní 2000, eru af sama tagi og þær sem áður hafa myndast í jarðskjálftum. Það er þó greinilegt af samanburði við eldri sprungurnar að skjálftarnir nú eru heldur minni en sumir eldri skjálftanna, t.d. 1630 við Minnivelli í Landssveit og 1912 við Selsund á Rangárvöllum.

Auk upptakasprungnanna mynduðust víða sprungur í jarðvegi þar sem ástæða var til að ætla að jarðvegur hefði skriðið til eða þjappast. Til dæmis var verulegur hluti sprungna, sem mynduðust við Læk í Holtum, af þessu tagi. Sums staðar sigu mýrar og mynduðust þá sprungur í mýrarjarðveginn meðfram klapparholtum sem upp úr stóðu. Þar mynduðust þá litlar tjarnir. Þetta mátti t.d. sjá sunnan við mýrina sunnan Stúfholtshjáleigu, í mýrasundum sunnan Eyvíkur í Grímsnesi (6. mynd) og víðar. Sprungur í hlaðinu á Árbæjarhjáleigu stafa líklega af fram-skriði gamals malarhjalla og fyllingar sem bærinn stendur á. Skemmdir á hitaveituleiðslu meðfram þjóðveginum austan Hellu eru líklega af þessum toga, einnig tjón á þjóðveginum nálægt Áshóli í Holtum. Þar sprakk vegurinn í báðum skjálftunum enda mitt á milli upptaka þeirra.

Á nokkrum stöðum á Skeiðum varð talsvert **jarðvegsrask** við gamlar



10. mynd. Víða á bökkum Hvítár og Þjórsár mátti sjá grjóthrun sem þetta í Árnesi hjá Akbraut í Holtum. Í höfðanum handan árinnar má einnig víða sjá hrun.



11. mynd. Skriða í hálsinum sunnan við Urriðafoss myndaðist í skjálftanum 21. júní.

sprungur  
var mest  
Brjánsstað  
ið ofan í s  
raunveru  
Víða höfð  
niður í va  
göt gátu  
skepnum.

**Grjóth**  
í tengslu  
hrundi úr  
frá Eyjafj  
svæðið og  
Í Vestman  
niður í He  
Sveifluha  
Reykjanest  
í átt að ve  
dísarvíkuri  
grjóthruna  
hrundi ví  
Hestfjall e  
við Akbra  
var úr Hes  
Á brún fjá  
sem uppta  
sums staða  
stórgrýtisú  
brún fjallst  
víða hafði  
sigið. Þann  
víða efst í  
Á þessum  
ummerki u  
Steinar höl  
Það þýðir  
var stærri e

sprungur frá skjálftunum 1896. Þetta var mest við Kálfhól, Arakot og Brjánssstaði. Jarðvegsfyllur höfðu hrundi ofan í sprungurnar en hvergi sást til raunverulegra misgengishreyfinga. Víða höfðu myndast göt þar sem sást niður í vatnsborð í sprungunum. Þessi göt gátu verið hættuleg mönnum og skepnum.

**Grjóthruns** varð vart ótrúlega víða í tengslum við skjálftana (22). Grjót hrundi úr brúnum og klettabríkum allt frá Eyjafjöllum, vestur um upptakasvæðið og vestur eftir Reykjanesskaga. Í Vestmannaeyjum hrundi mikið grjót niður í Herjólfssdal og úr Klifinu. Úr Sveifluhálsi og Núpshlíðarhálsi á Reykjanesskaga hrundi víða grjót, m.a. í átt að veiðihúsi við Djúpavatn. Herdísarvíkurfjall huldist rykmekki vegna grjóthruna í fyrsta skjálftanum. Grjót hrundi víða úr bökkum Hvítár við Hestfjall og Þjórsár við Þjórsárbrú og við Akbraut (10. mynd). Mikið hrun var úr Hestfjalli, einkum við Hestvatn. Á brún fjallsins sunnan vatnsins, þar sem upptakamisgengið skar hana, var sums staðar eins og hrært hefði verið í stórgrýtisurðinni (9. mynd). Úr suðurbrún fjallsins hrundi líka mikið grjót og víða hafði skriðan losnað frá fjallinu og sigið. Pannig varð til jarðvegssprunga víða efst í hlíðinni meðfram klettunum. Á þessum slóðum mátti líka víða finna ummerki um mikla hröðun á jörðinni. Steinar höfðu kastast upp úr sæti sínu. Það þýðir að á þá verkaði kraftur sem var stærri en þyngdarkrafturinn.

**Skriðuföll**, sem oft eru fylgifiskar stórra jarðskjálfta, voru ekki sérlega áberandi í þessum skjálftum ef frá er talið hið umfangsmikla grjóthrun. Aðeins er vitað um eina umtalsverða skriðu. Hún féll úr hálsinum sunnan við Urriðafoss í skjálftanum 21. júní (11. mynd). Staðurinn er beint ofan á upptakamisgengi skjálftans svo vafalítið hefur skjálftahreyfingin verið mjög sterk. Einnig voru aðstæður með þeim hætti að jarðvegslagið gat runnið á leirlagi undan halla.

**Breytingar á vatni** urðu víða, bæði á grunnvatni og yfirborðsvatni, heitu og köldu. Grunnvatnsbreytingar fylgdu mjög fastri reglu sem endurspeglar spennubreytingar í jarðskorpunni sem fylgdu misgengishreyfingu skjálftanna (23, 24). Norðaustan og suðvestan skjálftaupptakanna lækkaði grunnvatnsþrýstingur en suðaustan og norðvestan þeirra hækkaði þrýstingurinn. Þessar þrýstingsbreytingar komu meðal annars fram í streymi linda og vatnsborði í borholum. Flestar þessara breyttinga gengu til baka eftir nokkrar vikur þegar vatnsþrýstingur yfir svæðið náði að jafnast út.

Eins og í mörgum sögulegum skjálftum á Suðurlandi urðu miklar breytingar á hverum í Haukadal. Geysir tók að gjósa af sjálfsdáðum og minnti á forna frægð.

Næstu vikur eftir jarðskjálftana tók vatn að þverra í Pulutjörn við suðurenda misgengisins frá 17. júní og hefur vatn ekki safnast aftur í tjörnina. Pulu-

tjörn er til orðin við sprungreyfingar í fyrri skjálftum og höfðu opnast vatns-gengar sprungur út úr henni til norðurs þannig að hún heldur ekki lengur vatni.

Víða mátti sjá þess merki að vatns-rennslí í skurðum hafði breyst. Fyrir slíku geta verið margar orsakir, svo sem breytingar í grunnvatnsþrýstingi, sbr. hér að ofan, hallabreytingar á landi, sprunguhreyfingar og jarðvegsskrið. Víða urðu lindir og lækir mjólk-urritaðir eða gruggugir og stóð það í nokkra daga til vikur. Þetta fyrirbrigði er þekkt frá öðrum skjálftasvæðum en hefur lítið verið rannsakað. Líklega stafar gruggið af fínkornaðri mis-gengismylsnu sem grunnvatnið skolar úr sprungum og misgengjum. Berg-mylsnan verður til við núning og gjökt þegar veggir misgengisins færast til í skjálftanum og núast saman.

Ummerki um sandgos fannst á einum stað, við Köldukinn í Holtum. Þar myndaðist stutt röð af litlum gígum sem sandblandað vatn spýttist upp úr, líklega um leið og skjálftinn 17. júní reið yfir. Þetta fyrirbrigði er þekkt úr öðrum skjálftum og verður við það að vatnsmettað sandlag þjappast við titring. Vatnsþrýstingur í sandinum vex þá gríðarlega þegar holrými minnkar og úr geta orðið tignarleg gos.

### Forboðar skjálftanna

Jarðskjálftarnir gerðu ekki boð á undan sér sem eftir var tekið. Við nánari yfirferð á margs konar mæligögnum

má þó greina breytingar sem hugsan-lega geta nýst í framtíðinni og sem geta gefið margvíslegar vísbendingar um eðli skjálftavirkninnar.

Breytingar urðu á smáskjálftavirkni á Suðurlandi síðustu vikurnar á undan stóru kippunum. Tíðni smáskjálfta minnkaði og jafnframt tóku skjálftauptök að raða sér á misgengið í Holtunum sem síðan brast 17. júní (17, 18). Jafnframt urðu breytingar á spennu-sviði sem lesa má út úr bylgjum frá þessum skjálftum.

Áður var minnst á miklar breytingar á vatnsþrýstingi í mörgum borholum og lindum samfara skjálftunum. Einnig mældist á einum stað á Flúðum þrýstingsbreyting skömmu áður en fyrsti skjálftinn varð (23, 24).

Radonmælingar hafa verið stund-aðar á Suðurlandi allt síðan 1977 með það að markmiði að finna breytingar á undan jarðskjálftum (25, 26)). Radon er geislavirkrt gas sem losnar stöðugt úr bergi í litlum mæli og fer út í grunnvatnið þar sem auðvelt er að mæla það. Mælingarnar héldu áfram til 1993 en þá voru takin úr sér gengin. Niðurstöður mælinganna gáfu mjög greini-legar vísbendingar um að á undan skjálftum yrðu mælanlegar breytingar á radonstyrk í vatni. Mælingar hófust aftur árið 1999 með nýjum og endurbættum tækjum (27). Vatnssýni voru tekin u.þ.b. tvívar í viku úr borholum á 7 stöðum á Suðurlandi, Laugalandi og Kaldárholti í Holtum, Flúðum, Hlemmiskeiði, Selfossi, Öxnalæk og Bakka í Ölfusi. Sýnin voru send til

Raunvísinda greind þar. Í ur í radonbr tunum, sem mælistaðann

1. Radonstyr dögum á ar sig aftu
2. Skammlif styrk 36-5 unum.
3. Radonstyr

Nú er ver ingatæki sem virkt og sem urnar sem no

### Hvað um f

Um framh er fátt hægt a hafi nokkuð ó spám þá er sl vart að vænta næstunni. Bei atburðarásir anna og þeim um eðli hreyf valda.

Skjálftarnir í ætt skjálftahafa á 45-11 byggðist. Þessi lagi. Í henni fjórðungur þe hefur frá því á undan (17).

Raunvísindastofnunar Háskólangs og greind þar. Í ljós kemur ákveðið munstur í radonbreytingum á undan skjálf-tunum, sem er sameiginlegt nokkrum mælistaðanna (28):

1. Radonstyrkur minnkar 100-140 dögum á undan skjálf-tunum en jafnar sig aftur.
2. Skammlíf aukning verður í radonstyrk 36-59 dögum á undan skjálf-tunum.
3. Radonstyrkur lækkar við skjálf-tana.

Nú er verið að hanna radonmælingatæki sem skráir mæligildin sjálf-virk og sem setja má upp við borholurnar sem notaðar hafa verið.

### Hvað um framhald skjálfavirkni?

Um framhald skjálfta á Suðurlandi er fátt hægt að fullyrða. Þótt vissulega hafi nokkuð orðið ágengt í jarðskjálftaspám þá er slík viðleitni á frumstigi og vart að vænta áreiðanlegra spádóma á næstunni. Benda má á nokkrar líklegar atburðarásir og byggja á reynslu aldanna og þeim skilningi sem fyrir liggur um eðli hreyfinganna sem skjálf-tunum valda.

Skjálf-tarnir 2000 sverja sig ótvíraett í aett skjálfahvíða af því tagi sem orðið hafa á 45-112 ára fresti síðan land byggðist. Þessi hviða var þó í minna lagi. Í henni losnaði einungis tæplega fjórðungur þeirrar spennu sem safnast hefur frá því síðstu skjálf-tar urðu þar á undan (17). Ef hviðunni er lokið að

þessu sinni verður því að reikna með að stuttan tíma taki að byggja upp spennu fyrir næstu hviðu, 25-50 ár eða jafnvel skemmti tíma. Þess ber einnig að geta að sumar hviðurnar hafa staðið lengur en nú, jafnvel 2-3 ár. Það er því engan veginn víst að hviðunni sé lokið. Meðan eftirskjálftar mælast á hverjum degi á svæðinu er því varla hægt að útiloka þann möguleika að framhald geti orðið á stórum skjálfum á næstu mánuðum og árum. Það er þó fremur ólíklegt að þeir verði verulega stærri en þeir sem þegar hafa orðið.

### Samantekt

Vegna þeirra margvíslegu gagna sem söfnuðust eiga Suðurlandsskjálftarnir 2000 eftir að vera efniviður mikilla rannsókna sem beinast að orsökum jarðskjálfta og aðferðum til að segja fyrir um þá. Nefna má nákvæmar landmælingar, bæði GPS-landmælingar (29, 30) og mælingar á aflögun jarðskorunnar með ratsjártækni úr gervitunglum (31). Þegar búið verður að fullvinna úr mælingunum munu þær sýna umfang og eðli jarðskorpu-hreyfinganna með meiri nákvæmni en fengist hefur nokkru sinni fyrr. Niðurstöður rannsókna fram til þessa má draga saman í eftirfarandi punkta:

1. Jarðskjálftarnir voru í samræmi við langtímaspá sem sett var fram á árunum 1985-1993 og byggðist að mestu á sögulegum heimildum.

2. Jarðskjálftarnir áttu upptök á tveimur samsíða misgengjum með norður-suðurstefnu, þ.e. þvert á stefnu skjálftabeltisins. Eystra misgengið var um 15 km langt en það vestara um 18 km langt. Misgengin voru hægri sniðgengi, þ.e. vesturbakki þeirra gekk til norðurs miðað við austurbakkann.
3. Á yfirborði komu misgengin fram sem skástígar raðir af sprungum og gjám. Stefna einstakra sprungna var til norðurs eða norðausturs en raðirnar stefndu í norður-suður. Sprunguhólar mynduðust gjarnan þar sem yfirborðslög vöðluðust upp milli enda á aðliggjandi sprungum. Þetta eru svipuð ummerki og víða má finna á Suðurlandi.
4. Upptakamisgengin tvö voru gömul, þ.e. á þeim má finna ummerki eftir eldri skjálfta. Þetta eru þó ekki þau misgengi sem síðast ollu stórum skjálftum á þessu svæði sem sést á því að í næsta nágrenni þeirra má finna misgengi með mun fersklegri ummerkjum eftir gamla skjálfta.
5. Ummerkin eftir skjálftana nú eru minni en eftir suma af eldri skjálftunum, t.d. 1630 og 1912. Skjálftarnir 2000 eru því ekki með stærstu skjálftum sem orðið hafa á Suðurlandi. Skjálftinn 1784 er stærsti skjálfti sem vitað er um á Suðurlandi, um 7,1 að stærð. Ekki er talið líklegt að skjálftar verði miklu stærri en það á Íslandi.
6. Skjálftarnir höfðu mikil áhrif á land. Grjóthrun varð í brattlendi á stórum hluta Suðvesturlands, jarðvegur skreið og þjappaðist og breytingar urðu á vatnafari víða umhverfis upptókin.
7. Næst upptökunum voru ummerki um að miklir kraftar hefðu verkað, meiri en þyngdarkrafturinn. Þetta er staðfest með mælingum á hröðun. Hæst hröðun var mæld í vesturstöpli Þjórsárbrúar í skjálftanum 21. júní, 84% af þyngdarhröðun (32).
8. Í ljósi mikilla krafta, sem verkuðu á hús og mannvirki, er furða að ekki varð meira tjón en raun bér vitni.
9. Ekki er hægt að fullyrða að skjálftahviðunni sé lokið.

### Pakkarorð

Grein þessi er byggð á margvíslegum upplýsingum frá rannsóknaraðilum og heimamönnum á skjálftasvæðinu, auk ritáðra heimilda sem vitnað er til í textanum. Heimamenn hafa verið óþreytandi að tilkynna um áhrif skjálftanna og leiðbeina rannsóknarmönnum um land sitt. Ekki er á neinn hallað þótt nefnt sé nafn Daníels Magnússonar í Akbraut í því sambandi. Upplýsingar um upptök skjálfta og stærðir eru að

mestu fengnar  
Á skoðunarferð svæðið hafa þa Pedersen, Vala dór Ólafsson u Briem las yfir til betri vegar.

- (1) Freysteinn S. arsson. 1994. *mic unrest at the Mid-Atlantic Ridge in Iceland: Evidence from the American Geophysical Meeting, San Francisco, 1232*, 2000.
- (2) Páll Einarsson. 1994. *sent-day tectonophysics of the Mid-Atlantic Ridge*.
- (3) Sveinbjörn Einarsson. 1994. *jarðskjálfta og pipraði í Suðurlandi* (útgáfa), Almássíða, Almássíða, 121-150.
- (4) Freysteinn S. arsson. Jarðskjálfta í Suðurlandi ákvárdæðanum. Náttúrufræði Íslands, 1994.
- (5) Páll Einarsson. 1994. *skjálftasprungi völlum*, í: Einarsson, S. og Ólafsson, G. Reykjavík, 1994.
- (6) Páll Einarsson. 1994. *quake fracture and Range Seismic Zonation*, 1982.
- (7) Páll Einarsson, G. Foulger, G. and Ólafsson, G. 1994. *Pórunn skjálfta í Suðurlandi* (útgáfa), Almássíða, Almássíða, 121-150.

mestu fengnar frá Veðurstofu Íslands. Á skoðunarferðum mínum um skjálftasvæðið hafa þau Amy Clifton, Rikke Pedersen, Vala Hjörleifsdóttir og Hall-dór Ólafsson unnið með mér. Ingibjörg Briem las yfir handrit og færði margt til betri vegar.

### Tilvitnanir:

- (1) Freysteinn Sigmundsson og Páll Einarsson. *1994-2000 Volcanic and seismic unrest at a 200-km-long stretch of the Mid-Atlantic Ridge plate boundary in Iceland: Episodic magma delivery.* American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 1232, 2000.
- (2) Páll Einarsson. *Earthquakes and present-day tectonism in Iceland.* Tectonophysics, 189, 261-279, 1991.
- (3) Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson. *Jarðskjálftar - „Jörðin skalf og pipraði af ótta“*, Náttúra Íslands (2. útgáfa), Almenna bókafélagið, Reykjavík, 121-155, 1981.
- (4) Freysteinn Sigmundsson og Páll Einarsson. *Jarðskjálftabeltið á Suðurlandi: Jarðskorpuhreyfingar 1986 - 1992* ákvæðaðar með GPS landmælingum. Náttúrufræðingurinn, 66, 37-46, 1996.
- (5) Páll Einarsson og Jón Eiríksson. *Jarðskjálftasprungur á Landi og Rangárvöllum*, í: Eldur er í norðri, Sögufélag, Reykjavík, 295-310, 1982.
- (6) Páll Einarsson og Jón Eiríksson. *Earthquake fractures in the districts Land and Rangárvellir in the South Iceland Seismic Zone.* Jökull, 32, 113-120, 1982.
- (7) Páll Einarsson, Sveinbjörn Björnsson, G. Foulger, Ragnar Stefánsson and Þórunn Skaftadóttir. *Seismicity pattern in the South Iceland seismic zone.* Í:
- (8) Þorvaldur Thoroddsen. *Jarðskjálftar á Suðurlandi.* Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 199 bls., 1899.
- (9) Kristín Jónsdóttir, Páll Einarsson og Vala Hjörleifsdóttir. *Sprungukerfi Suður-landsskjálftanna 1630 og 1784.* Vorráðstefna 1999. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 42.
- (10) Ingi P. Bjarnason, P. Cowie, M. H. Anders, L. Seeber and C. H. Scholz. *The 1912 Iceland earthquake rupture: Growth and development of a nascent transform system.* Bull. Seism. Soc. Am., 83, 416 - 435, 1993.
- (11) Ingi P. Bjarnason og Páll Einarsson. *Source mechanism of the 1987 Vatnajökull earthquake in South Iceland.* J. Geophys. Res., 96, 4313-4324, 1991.
- (12) Ragnar Stefánsson og Páll Halldórsson. *Strain release and strain build-up in the South Iceland seismic zone.* Tectonophysics, 155, 267-276, 1988.
- (13) Páll Einarsson. *Jarðskjálftaspár*; Náttúrufræðingurinn, 55, 9-28, 1985.
- (14) Ragnar Stefánsson, Reynir Böðvarsson, R. Slunga, Páll Einarsson, Steinunn Jakobsdóttir, H. Bungum, S. Gregersen, J. Havskov, J. Hjelme, H. Korhonen. *Earthquake prediction research in the South Iceland seismic zone and the SIL project,* Bull. Seismol. Soc. Am., 83, 696-716, 1993.
- (15) Amy Clifton, Páll Einarsson. *Styles of surface rupture accompanying the June 17 and 21, 2000 earthquakes in the South Iceland Seismic Zone.* Hastráðstefna 2000. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 1.
- (16) Rikke Pedersen, Amy Clifton, Páll Einarsson, Freysteinn Sigmundsson,

- Guðmundur H. Guðfinnsson. *Styles of surface rupture accompanying the June 17 and 21, 2000 earthquakes in the South Iceland Seismic Zone*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 1171, 2000.
- (17) Ragnar Stefánsson, Páll Halldórsson, Gunnar B. Guðmundsson. *Eðli, áhrif og spár í ljósi sögulegra heimilda og jarðskjálftamælinga*. Haustráðstefna 2000. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 11-12.
- (18) Ragnar Stefánsson, Þóra Árnadóttir, Grímur Björnsson, Gunnar B. Guðmundsson, Páll Halldórsson. *The two large earthquakes in the South Iceland Seismic Zone in June 2000. A basis for earthquake prediction research*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 890, 2000.
- (19) Harvard University, *Centroid Moment Tensor Catalog*, 2000.
- (20) Páll Einarsson og Amy Clifton. Suðurlandsskjálftar 2000: *Tektónískt umhverfi, sprungur og yfirborðsummerki*. Haustráðstefna 2000. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 7-8.
- (21) Páll Einarsson, Amy Clifton, Freysteinn Sigmundsson, Ragnar Sigbjörnsson. *The South Iceland earthquakes of 2000: Tectonic environment and effects*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 890, 2000.
- (22) Esther Hlíðar Jensen. *Grjóthrun í Suðurlandsskjálftum 2000*. Haustráðstefna 2000. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 2.
- (23) Grímur Björnsson, Kristján Sæmundsson, Ólafur G. Flóvenz. *Vatnsborðsbreytingar í tengslum við Suðurlandsskjálftana í júní 2000*. Haustráðstefna 2000. Agrip erinda og vegg-

- spjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 3-5.
- (24) Grímur Björnsson, Kristján Sæmundsson, Ólafur G. Flóvenz, Einar M. Einarsson. *Pre- and post-hydrological pressure signals associated with the two large earthquakes in S-Iceland in June 2000*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 891, 2000.
- (25) Hauksson, E., and J. Goddard, *Radon earthquake precursor studies in Iceland*. J. Geophys. Res., 86, 7037-7054, 1981.
- (26) Sigurjón Jónsson og Páll Einarsson. *Radon anomalies and earthquakes in the South Iceland Seismic Zone 1977-1993*. In: *Seismology in Europe* (Ed. B. Thorkelsson et al.), European Seismological Commission, Reykjavík, bls. 247-252, 1996.
- (27) Páll Theodórsson. *Improved automatic radon monitoring in ground water*. In: *Seismology in Europe* (Ed. B. Thorkelsson et al.), European Seismological Commission, Reykjavík, bls. 253-257, 1996.
- (28) Páll Theodórsson, Páll Einarsson and Guðjón I. Guðjónsson. *Radon anomalies prior to the earthquake sequence in the South Iceland Seismic Zone in June 2000*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 891, 2000.
- (29) Þóra Árnadóttir, Halldór Geirsson, Bergur Bergsson, Jósef Hólmjárn, Erik Sturkell, Halldór Ólafsson, Rikke Pedersen, Páll Einarsson, Vala Hjörleifsdóttir, Christof Völksen, Markus Rennen, Guðmundur Valsson. *Jarðskorpuhreyfingar í kjölfar Suðurlandskjálfta í júní 2000*. Haustráðstefna 2000. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 13-14

- (30) Þóra Árnadóttir, Bergur Bergsson. *Crustal deformation GPS measurements in the 2000 earthquakes in the South Iceland Seismic Zone*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 335, 2000.
- (31) Rikke Pedersen, Grímur Björnsson. *Initial results from the 2000 earthquakes in the South Iceland Seismic Zone*. American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 335, 2000.

- (30) Þóra Árnadóttir, Halldór Geirsson, Bergur Bergsson, Jósef Hólmjárn. *Crustal deformation observed with continuous GPS measurements in Iceland.* American Geophysical Union, Fall Meeting, San Francisco, Eos 81, bls. 335, 2000.
- (31) Rikke Pedersen, Freysteinn Sig mundsson. *InSAR study of the June 17, 2000 earthquake, SÍSZ, Iceland: Preliminary results.* Haustráðstefna 2000. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands, bls. 9-10.
- (32) Ragnar Sigbjörnsson, Jónas Þór Snæbjörnsson, Símon Ólafsson, Bjarni Bessason, Gunnar I. Baldvinsson, Óðinn Þórarinsson. *Jarðskjálftar á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000.* Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Háskóla Íslands, Selfossi, Skýrsla 00001, 53 bls., 2000.

Höfundur: Páll Einarsson, Raunvísindastofnun Háskólangs, Hofsvallagötu 53, 107 Reykjavík.



*Pjónustuskráin Bella  
- símaskrá fyrir Suðurland  
kemur út á hverju ári.*

*Öll heimili og fyrirtæki á  
Suðurlandi fá þessa skrá senda í  
pósti sér að kostnaðarlausu og er  
hún því sterkur auglýsingamiðill.*

*Allir geta keypt  
auglýsingar í henni og  
er tekið við auglýsingum  
í síma*

**487 5551, fax 487 5585.**

*Þeir sem ætla sér að auglýsa í  
henni hafi samband sem fyrst.*

**Auglýsing í Bellu borgar sig!**